

Umsögn Vopnafjarðarhrepps

Umsögn vegna frummatsskýrslu vegna 6 MW virkjunar í Þverá í Vopnafirði.

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar frá 21. mars sl.

Umsögn Vopnafjarðarhrepps um virkjun í Þverá í Vopnafirði samanstendur af eftirfarandi punktum.

Texti af bls 7.

„Samkvæmt rennslistölum er ljóst að fyrirhuguð virkjun mun ekki hafa áhrif svo nokkru nemi á flóðtoppa í ánni. Leysingar og flóð munu því halda áfram að koma í ána, sem verður á yfirfalli nánast allt sumarið og öðru hverju langt fram á vetur. Líklega þarf að skola aur úr lóninu á nokkurra ára fresti. Með því að stilla slíkar skolanir af þannig að þær fari fram þegar flóð eru í ánni er fyrirsjáanlegt að áhrif yfirfallsvatns og gruggs verða óveruleg“.

Að mati Vopnafjarðarhrepps þarfnast þetta frekari skoðunar, t.d. þarf að skoða þetta betur m.t.t. fiskgengdar og lífríkisins í ánni. Það þarf að gera betur grein fyrir hvernig framkvæmdaaðili ætla að standa að þessu og hvernig er komist að þeirri niðurstöðu að áhrifin verði óveruleg eins og segir í textanum. Auk þess kemur ekki fram hvað gert er ráð fyrir miklu botnfalli og tíðni fyrirhugaðra útkolana úr lóninu sem væntanlega skiptir líka máli.

Auk þess þarf að fjalla um áhrif aukins aurburðar og litar á Hofsá, og meta hversu mikil þau verða út frá stærð á röskuðu svæði, áætlaðs rofs og hversu lengi þessi áhrif vara eftir að framkvæmdatíma lýkur og á hvaða árstíma þau verða. Þetta þarf að meta til að geta komist að niðurstöðu um mat á áhrifum á veiðihagsmuni sbr. texta í skýrslu.

Neðst á bls 7 er eftirfarandi texti:

„Samkvæmt niðurstöðum lífríkisúttektar bendir allt til þess að áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á bleikjuveiði í Hofsá séu óveruleg. Þá bendir ekkert til þess að áin sé mikilvægt uppeldissvæði fyrir laxa í Hofsá. Áhrif fyrirhugaðrar virkjunar í Þverá eru því metin óveruleg á veiðihagsmuni í Hofsá.“

Á bls. 61 segir

„Líklega þarf að skola aur úr lóninu á nokkurra ára fresti. Með því að stilla slíkar skolanir af þannig að þær fari fram þegar flóð eru í ánni er fyrirsjáanlegt að áhrif yfirfallsvatns og gruggs verða óveruleg“.

Það þarf að gera betur grein fyrir hvað er á bak við þessi tvö textabrot í skýrslunni.

Á bls. 42 mynd 5.1 er mynd af því svæði þar sem ásýnd breytist hvað mest hvað varðar almenna umferð. Mætti aðkomuvegur að stöðvarhúsi vera frá núverandi vegi? Aðkomuvegurinn sem sýndur er á myndinni og liggur upp á brúnina bak við húsið væri þá óþarfur. Með því móti myndu áhrif á ásýnd minnka.

Ástæða væri til umfjöllunar um áhættugreiningu og e.t.v. ástæða til að unnið verði hættumat vegna stíflurofs.

Umfjöllun um lýsingu og ljósmengun á virkjunarsvæðinu vantar.

Vopnafirði 6. maí 2019,
Þór Steinarsson
Sveitarstjóri

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands

24. apríl 2019

Skipulagsstofnun
-Jakob Gunnarsson-
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST) um frummatsskýrslu fyrir allt að 6 MW virkjun í Þverá í Vopnafirði

Vísað er bréf frá Skipulagsstofnun dags. 21. mars sl. hvar óskað var umsagnar HAUST um ofangreinda frummatsskýrslu sem unnin er af Mannvit og er dagsett í mars 2019.

Umsögn HAUST er unnin á grunni laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og laga um matvæli nr. 93/1995 sem og á reglugerðum sem á framantöldum lögum byggja.

Í kafla 1.4. er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð. Þar kemur fram að virkjunin er starfsleyfis skyld skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framkvæmdin fellur undir lið 9.1. a) í viðauka IV. Þá fellur framkvæmdin undir lið 9.1.1 í viðauka X við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Einnig kemur fram að sækja þurfi um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar fyrir efnisnámi og landmótun, steypustöð, verktakaaðstöðu, starfsmannabúða o.fl.

HAUST gerir ekki athugasemdir við skýrsluna en minnir á að ef mótuneyti og/eða vatnsveita verður sett upp í tengslum við framkvæmdina gilda ákvæði matvælalaga nr.93/1995 og slík starfsemi er einnig háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands.

Annað ekki.

Virðingarfyllst f.h.
Heilbrigðisnefndar Austurlands



Umsögn Fiskistofu

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 23. maí 2019
Tilv. 2019-03-26-0762

Efni: Varðar frummatsskýrslu fyrir allt að 6 MW virkjun í Þverá, Vopnafirði

Í bréfi dagsettu 21. mars s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu fyrir allt að 6 MW virkjun í Þverá, Vopnafirði. Fram kemur í frummatsskýrslunni og Skýrslu Náttúrustofu Austulands (Gróður, fuglar og vatnalíf í Þverárdal í Vopnafirði -rannsóknir vegna fyrirhugaðrar allt að 6 MW virkjunar) að verndargildi Þverár verði að teljast lágt og að engin veiði sé stunduð í ánni. Áhrif virkjunar á veiði í Hofsá eru talin verða óveruleg. Fram kemur að niðurstaða úttektar á vatnalífi hafa verið kynntar formanni veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár. Sjónarmið veiðifélagsins er þó ekki að finna í frummatsskýrslunni. Fiskistofa bendir á að þeim verði komið á framfæri í endanlegri matsskýrslu.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa



Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Umsögn Minjastofnunar Íslands

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2019
MÍ201809-0050/ 6.07 / K.M.

Efni: Allt að 6 MW virkjun í Þverá, Vopnafirði.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf Skipulagsstofnunar frá 21. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirtækið Þverárdalur ehf. áformar að reisa allt að 6 MW vatnsaflsvirkjun í Þverá í Vopnafirði. Meginþættir framkvæmdarinnar eru stífla þvert yfir farveg Þverár rétt neðan við ármót Þverár og Sauðár til að mynda inntakslón, 5.450 m löng þrýstipípa og vegur frá inntakslóni að stöðvarhúsi, stöðvarhús á vesturbakka Þverár rétt ofan við brú Sunnudalsvegar á Þverá og 140 m langur frárennisskurður frá stöðvarhúsinu í Þverá.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.7 í frummatsskýrslu. Fyrir liggur skýrsla Byggðasafns Skagfirðinga, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Þverárvirkjunar, Vopnafirði*. Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum fornleifaskráningar á fyrirhuguðu áhrifasvæði virkjunarinnar. Í inngangi skýrslunnar kemur fram að staðsetning mannvirkja virkjunarinnar lá ekki fyrir þegar fornleifarnar voru skráðar og því voru fornleifar beggja vegna Þverár skráðar. Framkvæmdasvæði virkjunarinnar er nær eingöngu vestan megin árinna nema allra efst við inntakslónið og allra neðst við brú Sunnudalsvegar yfir Þverá. Skráningarsvæðið er í Þverárdal. Dalurinn vestan ár tilheyrir Hrappsstöðum en austan ár Egilsstöðum. Alls voru 32 minjar skráðar á vettvangi, 21 austan ár í landi Egilsstaða og 11 vestan ár, í landi Hrappsstaða.

Eins og fram kemur í frummatsskýrslu voru aðeins 2 fornleifar innan 100 m frá útmörkum fyrirhugaðra virkjanamannvirkja. Um er að ræða heytóftir (1958-27 og 28). Tóftirnar eru í mýri, fast utan við Sellæk og um 300 m norðaustur frá selinu (1958-29 til 32). Heytóftunum er lýst í fornleifaskráningarskýrslunni með þessum orðum:

Nyrðri heytóftin [1958-27] er 4x9m að utanmáli og liggur austur-vestur, opin mót austri. Hún er lyngi gróin og virðist mögulega eldri en heytóft [1958-28]. Veggir eru 20-30 cm háir og 80 cm breiðir... Syðri tóftin [1958-28] stendur nokkuð hærra en nyrðri tóftin [1958-27]. Hún er 3,5x6 m að utanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru 60 cm breiðir og 30-60 cm háir, hærri að utan. Tóftin er algróin grasi,

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnstýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnstýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

mosa og ljónslappa. Torfið í heytóftirnar hefur verið stungið á staðnum og sjást greinileg merki þess umhverfis tóftirnar.

Tóftirnar eru um 80 m austan áætlaðrar þrýstipípu og ættu því ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna. Minjastofnun Íslands telur að gera þurfi verktökum grein fyrir staðsetningu tóftanna til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.

Í kafla 3.2.8 í frummatsskýrslu er fjallað um tengingu virkjunarinnar við flutningskerfi RARIK. Virkjunin verður tengd með 11/33 kV jarðstreng inn á aðveitustöð RARIK á Vopnafirði. Líkleg lega strengsins liggur fyrir og er henni lýst í frummatsskýrslu. Þar segir jafnframt að strengurinn verði plægður niður. Aðgerðin geti haft áhrif á fornleifar ef þær eru á þessari leið. RARIK muni sjá til þess að skoðað verði hvort fornleifar séu á leið jarðstrengsins og send þær niðurstöður til Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun áréttar mikilvægi þess að upplýsingar um fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið liggja fyrir áður en ráðist verði í að plægja strenginn niður. Stofnunin þarf að fá þessar upplýsingar með góðum fyrirvara svo að hægt sé að ákveða mótvægisáðgerðir sem hugsanlega þarf að grípa til vegna strengsins, hnika honum fram hjá fornleifum eða rannsaka þær ef sýnt er að strengurinn muni raska fornleifum.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. apríl 2019
2019030040/42-2
TB
tb

Allt að 6 MW virkjun í Þverá í Vopnafirði, frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 21. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu Þverárdals ehf. vegna allt að 6 MW virkjunar í Þverá í Vopnafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsenda frummatsskýrslu og telur, á grundvelli starfssvið stofnunarinnar og m.t.t. staðsetningu, náttúrufars og umfangs framkvæmdar, að gert hafi verið grein fyrir framangreindri framkvæmd á fullnægjandi hátt. Náttúrufræðistofnun vill þó benda á, eins og kemur fram í frummatsskýrslunni bls. 58, að stofnunin mun kanna staðsetningu hreiðurstæða fálka og ábúð óðals sem hluta af mótvægisáðgerðum vegna framkvæmda. Einnig er ástæða til að benda á, eins og kemur m.a. fram í skýrslu Náttúrustofu Austurlands, hvort ekki megi finna betri leið fyrir þrýstipípu svo skerðing á gróðri /votlendi verði minni en gert er ráð fyrir. Jafnframt vill stofnunin benda framkvæmdaraðila á að endurmeta hvort þörf sé á að veita ónefndum læk í inntakslónið svo ónefndur foss hverfi ekki, sjá bls. 67 mynd 5.17 í frummatsskýrslu.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar



Umsögn Orkustofnunar

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. maí 2019
Tilvísun: OS2019030042/22.2
Verknúmer: 1083000

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar 6 MW Þverárvirkjunar í Vopnafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 21. mars 2019, þar sem óskað er eftir því að Orkustofnun gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum vegna 6 MW Þverárvirkjunar í Vopnafirði, í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 106/2000.

Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. og 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015, skulu umsagnaraðilar gefa álit á því hvort fjallað er á fullnægjandi hátt í frummatsskýrslu um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Þá er miðlun vatns háð leyfi stofnunarinnar með vísan til 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Sömuleiðis er stíflun vatns og veiting þess úr farvegi háð leyfi Orkustofnunar með vísan til 7. gr. laganna. Ef slíkar framkvæmdir eru liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skulu, sbr. 68. gr. vatnalaga, umrædd leyfi talin hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög. Leyfisveitingar Orkustofnunar lúta að meðferð og nýtingu viðkomandi auðlindar, í þessu tilviki yfirborðsvatn og fallorka.

Fram kemur í frummatsskýrslu að undirbúningsrannsóknir framkvæmdaraðila hafi farið fram skv. heimild viðkomandi landeigenda og umráðarmanna vatnsréttinda með vísan til 2. mgr. 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Framkvæmdaraðila bar því ekki að sækja um rannsóknarleyfi til Orkustofnunar.

Þá kemur fram í frummatsskýrslu að rennislismælingar að baki útreikningum á aflgetu virkjunarinnar byggja á eins árs mælisyrpu með vatnshæðarsírta. Mikil óvissa er í notkun jafn stuttrar mælisyrpu á vatnsfalli þar sem vatnsmagn er jafn mikið háð snjóbráðnun og úrkomu og virðist vera í þessu tilviki (þar sem ekki er nema 0,5 m³/s grunnrennsli). Ekki er í frummatsskýrslu, né viðaukum sem fylgja með skýrslu til umsagnaraðila, lagt mat á hverjar líkur séu á því að umrætt mat sé í samanburði við meðalár, t.d. út frá snjóalögum, úrkomu og afkomu annarra vatnsfalla þar sem svipað kunni að háttá til.

Orkustofnun telur ekki að slík tilhögun hafi áhrif á umfjöllun um umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar, eða önnur þau atriði er tilgreind eru í 24. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum, en bendir á að afmörkun í frummatsskýrslu kunni að takmarka möguleika framkvæmdaraðila til úrbóta á virkjun ef rennsli viku umtalsvert frá tilgreindu mati. Á þetta jafnt við ef rennsli er vanmetið og nýta mætti auðlindina betur með stærri virkjun eða, ef um ofmat er að ræða, varðandi fjárhagslega afkomu virkjunarinnar.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagða frummatsskýrslu.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um virkjunarleyfi vegna Þverárvirkjunar í Vopnafirði, komi til þess. Þar sem heimilt er að binda virkjunarleyfið skilyrðum, m.a. er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu, sbr. 5. gr. raforkulaga, er æskilegt að fyrir liggi álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, áður en afstaða til virkjunarleyfis er tekin af hálfu Orkustofnunar, komi til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Erla Björk Þorgeirsdóttir
verkefnastjóri

Umsögn Veðurstofu Íslands

Skipulagsstofnun
bt. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
jakob@skipulag.is jon@skipulag.is

Dags. 29.04.2019
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0204
0.5.1

Með erindi dags. 21. mars sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar við allt að 6 MW virkjun í Þverá í Vopnafirði.


Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir varðandi ofanflóðahættu vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Leyft er að byggja mannvirki sem ekki kalla á viðveru starfsfólks á öllum skilgreindum hættusvæðum vegna ofanflóða samkvæmt reglugerð þar um.

Vakin er athygli á að þar sem svo hagar til getur eftir sem áður verið snjóflóðahætta og rétt að hafa hana í huga þegar slíkum mannvirkjum er sinnt að vetrarlagi.

Virðingarfyllst,


Árni Snorrason
forstjóri VÍ

Umsögn Umhverfisstofnunar

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 2019
UST201903-233/R.K.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Frummatsskýrsla – 6 MW virkjun í Þverá í Vopnafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 21. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu ofangreindar framkvæmdar.

Framkvæmdarlýsing og skipulag

Ráðgert er að reisa vatnsaflsvirkjun í dragánni Þverá í Þverárdal í Vopnafirði á vegum Þverárdals ehf. sem er í eigu Arctic Hydro ehf. Fyrirhuguð virkjun mun hafa 6,0 MW uppsett afl þar sem virkjað rennsli er 3,6 m³/s, með 207 m virkjaða fallhæð. Meðalrennsli við inntak virkjunar er áætlað 3,8 m³/s (bls. 19).

Stífla framkvæmdarinnar verður hefðbundin jarðstífla og mun lónið leggja undir sig 1,5 ha lands og er um 40% þess í farvegi Þverár skv. skýrslu (bls. 22). Inntaksmannvirki verða skammt norðan Þrætutungu, og er leið þaðan að stöðvarhúsi við Hofsa um 7 km löng. Þrýstipípa og vegur meðfram henni munu liggja uppi á flatlendinu vestan Þverárgils. Fyrirhugað er að virkjunin verði tengd með 11/33 kV jarðstreng inn á aðveitustöð RARIK á Vopnafirði (bls. 25).

Megin mannvirki framkvæmdarinnar eru; inntaksmannvirki (stífla, lón og aðrennsli), niðurgrafin þrýstipípa, þjónustuvegur, aðkomuvegur, stöðvarhús og frárennslisskurður (bls. 39).

Fram kemur í skýrslu að stefnt er að því að hefja vinnu við gerð deiliskipulags að loknu mati á umhverfisáhrifum en að því loknu verður sótt um öll tilskilin leyfi (bls. 13). Í núgildandi aðalskipulagi er framkvæmdarsvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði á jaðri óbyggðs svæðis og því ljóst að breyta þarf aðalskipulagi og skilgreina svæðið sem iðnaðarsvæði (bls. 14).

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að framkvæmdir sem þessar ættu að mati stofnunarinnar að vera búnar að fara í gegnum skipulagsferli og það samráð sem í því felst, áður en mat á umhverfisáhrifum er framkvæmt. Umhverfisstofnun telur æskilegra

að framkvæmd, líkt og sú sem hér er til skoðunar, hafi lokið ferli aðalskipulagsbreytingar áður en umhverfismatsferli hefst. Er það til að tryggja aðkomu almennings að skipulagsferlinu á fyrstu stigum, eða áður en of miklar skuldbindingar framkvæmdar eru gerðar.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdarsvæði virkjunarinnar ætti að vera afmarkað við eins lítið svæði og hægt er eins svo möguleiki á raski verði sem minnst. Að framkvæmdarsvæðið afmarkist við inntaksmannvirki meðfram þrýstipípu og að stöðvarhúsi og fráveituskurði og nái ekki yfir stærra svæði að óþörfu.

Valkostir og vöktunaráætlun

Kafla 3.3. (bls. 33-35) fjallar um valkosti en umfjöllunin er ekki ítarleg að mati Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur að fjalla þurfi betur um mismunandi aðferðir til að minnka áhrif vegar meðfram þrýstipípu á landslagið og legu hans til að takmarka neikvæð áhrif á vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi og samfelld votlendi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 .

Ekki fylgdi tillaga að vöktunaráætlun með frummatsskýrslu en Umhverfisstofnun bendir á að skv. 3. h. lið 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum á slík tillaga að fylgja frummatsskýrslu framkvæmdar. Stofnunin telur mikilvægt að vöktunaráætlun framkvæmdar fylgi útgáfu matsskýrslu Þverárvirkjunar. Umhverfisstofnun bendir hér að neðan á þá þætti sem stofnunin telur nauðsynlegt að tekið sé inn í matsskýrslu framkvæmdar og eftir atvikum í vöktunaráætlun virkjunarinnar.

Umhverfisáhrif

Þeir umhverfisþættir sem eru til skoðunar í frummatsskýrslu sem Umhverfisstofnun tekur afstöðu til eru; Ásýnd, gróðurfar, fuglalíf, hreindýr, vatnlíf og jarðmyndanir. Stofnunin telur mikilvægt að gerð sé grein fyrir neðangreindum athugasemdum í matsskýrslu framkvæmdar.

Landslag og ásýnd

Við uppgræðslu rasksvæða við jarðstrengslagningu leggur Umhverfisstofnun áherslu á að notast verið við staðargróður svo ásýnd lands og gróðurlendi á strengleidd skerdist sem minnst. Forðast skal að sá framandi gróðri í sárið sem hafi slæm áhrif á ásýnd og gróðurfar þar sem hætta er á, að mati Umhverfisstofnunar, að framandi gróður dreifi sér og yfirgnæfi staðargróður. Ber að taka mið af þessu í vöktunaráætlun framkvæmdar að mati stofnunarinnar.

Hámarkshæð stöðvarhúss er áætlað 10 m og flatarmál þess um 170 m² (bls. 24). Í skýrslu segir: „*Reynt verður að hanna stöðvarhúsið þannig að það verði ekki meira áberandi en stór sumarbústaður. Að öðru leyti er ekki talin þörf á mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum fyrirhugaðra mannvirkja á ásýnd, en legu þrýstipípu og vegar meðfram henni verður hagað þannig að fjarlægð að gljúfrinu sé sem mest.*“ (bls. 49). Umhverfisstofnun tekur undir áformin að hanna mannvirki þannig að þau falli sem best að landslagi. Þessu tengt telur stofnunin fyrirhugaðan veg meðfram þrýstipípu sem sjá má á mynd 5.3. bls. 44 ekki falla nógu vel að landslagi svæðisins og að hanna þyrfti veginn svo hann hafi

minni áhrif á ásýnd lands og falli betur að línunum í landslagi. Stofnunin telur jákvætt að fjarlægð vegarins frá gljúfrinu verði sem mest.

Gróðurfar

Fram kemur í skýrslu að það svæði sem verður fyrir áhrifum virkjunarinnar er að mestu vel gróið svæði þar sem mýrar og mólendi er ríkjandi (bls. 14). Náttúrustofa Austurlands var fengin til að greina gróðurfar á rasksvæði virkjunarinnar (bls. 49) sem er vel en Umhverfisstofnun bendir einnig á vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) þar sem sjá má dreifingu vistgerða og verndargildi þeirra. Umhverfisstofnun telur framsetningu mynda 5.8 og 5.9 sem sýna vistgerðir og verndargildi þeirra í 5. kafla vera mjög góða. Niðurstaða greingar var sú að á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði eru: „*Stórar mýrar með litlum flóaflákum og fjalldrapa-móar [eru] áberandi á nyrðri hluta svæðisins.*“ og svæðinu sunnar, nær inntakslóni, er gróðrinum lýst sem fjölbreyttari með full- eða hálfgrónum lyngmómum og jafnvel birkikjarri inn á milli (bls. 50).

Sjá má að framkvæmdin mun raska vistgerðum líkt og m.a. runnamýravist á láglandi, língresis- og vingulsvist, starungsmýravist og víðikjarrvist, sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi. Allt eru þetta vistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og hefur Ísland því skuldbundið til að standa að slíkri vernd. Kortlögð voru gróðurlendi í 100 m jaðar út fyrir fyrirhuguð mannvirki skv. greinargerð og er mýri 20% gróðurlenda kotlagða svæðisins og 34% er lyngmói. Alls taldist meirihluti svæðisins eða 59% vera fullgróið þar sem einkum var að finna mýrar og fjalldrapamóa (bls. 50).

Fram kemur í frummatsskýrslu að vistgerðir með miðlungs, hátt og mjög hátt verndargildi eru samanlagt mikill meirihluti vistgerða á svæðinu eða með rúmlega 82% þekju.

Fram kemur í frummatsskýrslu um mótvægisáðgerðir gróðurrasks að: „*halda [skal] til haga náttúrulegum gróðri og leggja hann að vegi og yfir þrýstipípuna þar sem hún mun liggja í jörðu.*“ (bls. 57). Umhverfisstofnun tekur undir þessi áform og leggur stofnunin mikla áherslu á vandaðan við frágang niðurgrafinnar þrýstipípu og jarðstrengs með staðargróðri.

Við lagningu jarðstrengs, á vegum RARIK, er mikilvægt að frágangur plægingar sé góður sérstaklega þar sem um er að ræða plæging í gróið mólendi þar sem ummerki slíkra framkvæmda gætir oft nokkur ár á eftir. Eftirfylgni við uppgræðslu jarðstrengsleiðar ætti að vera tilgreind í vöktunaráætlun framkvæmdar virkjunarinnar að mati Umhverfisstofnunar. Þá getur lagning jarðstrengs og framkvæmd Þverárvirkjunar verið með sameiginlega eða tengda vöktunaráætlun þó svo um mismunandi framkvæmdaraðila sé að ræða.

Bakkagróður

Fram kemur í skýrslu að rofmáttur Þverár er talsverður (bls. 14) og bakkar árinna eru mis vel grónir (bls. 53). Í frummatsskýrslu er fjallað um bakkagróður og hvernig leitast verði eftir að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri líkt og segir í gr. 62. náttúruverndarlaga

nr. 60/2013. Vistgerðir með miðlungs, hátt og mjög hátt verndargildi þekja 41% af 20 m jaðarsvæði beggja átta frá miðju Þverár (bls. 54).

Að mati Umhverfisstofnunar ætti í matsskýrslu framkvæmdar að fjalla betur um sértækar mótvægisáðgerðir sem farið verður í til að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri og uppfylla skilyrði 62. gr. náttúruverndarlaga.

Vernd og votlendi

Í frummatsskýrslu er greint frá þeim samfelldu landssvæðum votlendis á framkvæmdarsvæðinu (sjá mynd 5.10 á bls. 55). Sýnd eru öll votlendissvæði sem eru stærri en 2 ha og falla því undir 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem segir að sérstök vernd gildi um votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² (2 ha) að flatarmáli eða stærri. Þá segir í skýrslu: „Við útfærslu mannvirkja var reynt af fremsta megni að sneiða hjá votlendissvæðunum. Niðurstaðan var sú að rúmir 1,5 ha raskast“ (bls. 54). Þá er fjallað um útfærslur og verklag sem miða að því að takmarka framræslu votlendisins sem verður fyrir raski (bls. 55).

Umhverfisstofnun telur skorta umfjöllun um mótvægisáðgerðir vegna rasks á votlendi sem nýtur verndar. Að mati stofnunar þarf að koma fram í matsskýrslu framkvæmdar hvernig staðið verður að endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð þ.m.t. staðsetning og aðferðir við endurheimt. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að um þessa endurheimt sé fjallað í vöktunaráætlun framkvæmdar.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki nægilega skýrt hvers vegna lega þrýstipípu enn vestar er ekki sett fram sem valkostur framkvæmdarinnar þar sem pípan lægi meira í fjalldrapamóvíst (miðlungs verndargildi) og minna í votlendisvistgerðum (mjög hátt verndargildi). Umhverfisstofnun telur að greina þyrfti frá slíkri útfærslu og fjalla um kosti og galla þeirra valkosta og rökstyðja betur valinn kost.

Í 61. gr. laga um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar er sú tillagan eins og hún er kynnt í lýsingu muni hafa talsvert neikvæð áhrif á þau vistkerfi sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Fuglalíf

Athugun á fuglalífi á svæðinu var gerð samhliða úttekt á gróðurfari af Náttúrustofu Austurlands (viðauki 1 frummatsskýrslu). Í greinargerð er fjallað um þær tegundir sem fundust, þær sem eru með staðfest varp á svæðinu auk þeirra sem þykir mjög líklegt að verpi á svæðinu. Fjallað er um hve margar af þessum tegundum fugla eru á valista (2018) en Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vernda ábyrgðartegundir á svæðinu. Í þeim hópi kunna að vera tegundir sem ekki eru á valista en eru engu að síður ábyrgðartegundir fyrir Ísland og því mikilvægt að vernda búsvæði þeirra skv. Bernarsamningi um vernd plantna og dýra og búsvæða þeirra í Evrópu sem var staðfestur á Íslandi árið 1993. Umhverfisstofnun bendir á að í ofangreindum vistgerðum er oft að finna ríkt fuglalíf og búsvæði þessara ábyrgðartegunda fugla.

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristinn Hauk Skarphéðinsson segir m.a. er fjallað um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Þetta er vegna þess að innan þeirra ríkja finnast vistir sem henta þeim stofnum en þeir eru jafnvel sjaldgæfar á heimsvísu. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar bera mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla, sem annað hvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fer hér um á ferðum sínum vor og haust. Miðað er við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum svo að tegund flokkist sem ábyrgðartegund. Margir mófuglar eru ábyrgðartegundir Íslands og sækja í móa og votlendi til varps.

Með vísun til þess sem að framan segir leggur Umhverfisstofnun áherslu á mikilvægi þess að búsvæðum fuglanna verði ekki raskað. Ennfremur telur stofnunin að framkvæmdir við lagningu þrýstípu og vegar ætti að fara fram utan varptíma. Að mati stofnunarinnar ætti að vera í matsskýrslu framkvæmdar umfjöllun um ábyrgðartegundir fugla sem verpa á svæðinu í nálægð við fyrirhugað framkvæmdarsvæði, auk þess hvernig verður komið í veg fyrir að búsvæðum þessara fugla verði ekki raskað.

Í skýrslu er miðað við 500 m fjarlægðarmörk framkvæmda við líklega varpstaði fálka (*Falco rusticolus*) sem ekki er aðeins á valista líkt og segir í skýrslu (bls. 58) heldur einnig ábyrgðartegund Íslands og á lista Bernarsamningsins sem forgangstegund vöktunar. Umhverfisstofnun tekur undir það að mikilvægt sé að framkvæmdir verði í nægri fjarlægð frá búsvæði fálka í Þverárgili verði ekki fyrir truflun. Stofnunin telur áform um mótvægisáðgerðir vegna áhrifa framkvæmda á fálka vera mjög jákvæð með sérstakri athugun á staðsetning hreiðurstæðis og mat ábúðar fálka á óðalinu vorið 2019 og 2020 (bls. 58) svo betur verði hægt að forðast neikvæð áhrif framkvæmda á fuglana.

Líkt og segir í skýrslu mun 5,5 km vegur, þrýstípa og veituskurður raska kjörlendi fugla og eru þeir fuglar líklegir til að flytja sig um set. Umhverfisstofnun telur því þau áhrif ekki tímabundin heldur varanleg svo lengi sem mannvirkin standa og eru þau áhrif talsvert neikvæð að mati stofnunarinnar.

Vatnalíf og vatnafar

Sérfræðingar Náttúrustofu Austurlands rannsökuðu vatnalíf í Þverá í ágúst 2018 (viðauki 1 frummatsskýrslu). Niðurstaða athugunar vatnalífs í Þverá var að áin er vatnsmikil, köld og straumhörð þar sem frumframleiðni er fremur lítil með litlum lífmassa þörunga (bls. 59). Jafnframt var þéttleiki hryggleysingja lítil og fánan fremur einsleit skv. frummatsskýrslu. Bein áhrif virkjunarinnar verða annars vegar vegna lónmyndunar og hins vegar vegna skert rennslis á áhrifakafla. Áhrif framkvæmdar á vatnalíf eru talin vera óveruleg m.t.t. grunnástands og ekki þörf á mótvægisáðgerðum. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreint.

Ljóst er að rennsli Þverár mun skerðast mikið á 7 km kafla frá lóni að stöðvarhúsi (bls. 53). Í skýrslu segir: „*Grynnsta svæðið upp við árbakkana gæti því farið á þurrt þegar mesta rennisskerðingin er*“ (bls. 61). Fram kemur í greinargerð að mikið umframflæði er í ánni á tímabilinu maí-september (bls. 19) en á móti fer rennsli árinna oft undir virkjað rennsli á tímabilinu október-apríl og því talsverður hluti ársins sem áhrifa virkjunarinnar mun gæta á rennsli árinna. Vegna þessa telur Umhverfisstofnun að skýra þurfi betur frá mögulegum uppblástursáhrifum í þögnuðum árfarvegum og landbroti vegna þessa í bökkum í matsskýrslu framkvæmdar.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sem hefur breytt lagaumhverfi nýrra virkjana. Sérstaklega er minnt á ákvæði 13. gr. laganna um manngerð og mikið breytt vatnshlot og 18. gr. laganna sem tiltaka að Umhverfisstofnun sé heimilt að leyfa breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að umhverfismarkmiðum verði ekki náð nema að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Vöktunaráætlun virkjunarinnar strenglangningar þurfa einnig að taka mið af þessum nýju kröfum.

Jarðmyndanir og foss

Í kafla 5.6 í frummatsskýrslu er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á jarðfræði og jarðmyndanir (bls. 62). Haustið 2018 skoðaði jarðfræðingur frá Mannviti hf. hugsanleg efnistökusvæði og jarðmyndanir á svæðinu (viðauki 3 frummatsskýrslu).

Glúfrið í Þverárgili er tilkomumikið eins og sjá má glögglega á myndum í viðauka 3 sem sýna bergganga innan um litríkt líparítið (rýólít) berg. Fram kemur í frummatsskýrslu að virkjunarframkvæmdin mun ekki skerða þessa bergganga né ásýnd þeirra (bls. 67) og eru áhrif framkvæmdarinnar á gljúfrið því talin óveruleg að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun ítrekar fyrri afstöðu og telur mikilvægt að virkjunarframkvæmdin skerði ekki tilkomumikið gljúfur í Þverá.

Fyrirhuguð virkjun mun verða til þess að einn ónefndur foss (mynd 5.17) sem rennur 300 m neðan stíflu úr hliðarlæk í Þverá mun hverfa þar sem áformað er að veita vatninu úr þeim læk inn í lónið (bls. 67). Líkt og fram kemur í frummatsskýrslu (bls. 68) njóta fossar sérstakrar verndar skv. b-liðar 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfis-stofnun telur þessi áhrif á fossinn vera talsvert neikvæð þó svo að segja megi að þau séu afturkræf þar sem hægt er að veita vatni aftur í hann. Ólíklegt þykir þó að slíkt verði gert einungis til að varðveita ásýnd heldur muni einungis vera gert við þær aðstæður þar sem umframflæði

er í ánni. Bendir því stofnunin á að þó svo áhrifin á fossinn séu talin afturkræf þá sé búist við viðverandi skertri ásýnd á fossinn stóran part ársins.

Efnistaka og haugsetning

Ljóst er að framkvæmdin felur í sér umtalsverða efnistöku úr námum á virkjunarsvæðinu. Fram kemur í skýrslu að heildarefnistaka, samlagt allt fyllingarefni, steypa, laus gröftur og sprengigröftur er tæplega 210.000 m³. Verður þetta efni sótt í fjórar námur; A, B, C og D (bls. 27-32). Umhverfisstofnun leggur áherslu á að frágangur efnistökusvæða verði til fyrirmyndar og það sé tekið fyrir í vöktunaráætlun framkvæmdarinnar.

Þessu tengt minnir stofnunin á vefsíðuna www.namur.is þar sem finna má leiðbeiningar um efnistöku og frágang efnistökusvæða. Stofnunin bendir líka á að á vefsíðunni má einnig finna gagnlegar upplýsingar um uppgræðslu raskaðra svæða.

Umhverfisstofnun veitti umsögn um drög að tillögu matsáætlun Þverárvirkjunar dags. 4. júlí 2018 þar sem kom fram að ítarlega ætti að gera grein fyrir þeim vinnubrögðum sem viðhöfð verða við frágang lagnaleiða og efnisnáma við mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur mikilvægt að slíkt sé ekki látið bíða útgáfu framkvæmdaleyfa enda um mikilvæg atriði að ræða varðandi sjónræn áhrif framkvæmdarinnar.

Vægismat áhrifa

Fram kemur í skýrslu að markmið Þverárdals ehf. væri m.a. að stuðla að: „*nýtingu raforkunnar í heimabyggð [...], virkja vatnsaflíð á hagkvæman hátt og standa að hönnun mannvirkja og framkvæmdum á forsendum umhverfis*“ (bls. 20).

Fram kemur í skýrslu að lagning jarðstrengs væri ekki á vegum Þverárdals ehf. heldur RARIK (bls. 25) og væri því aðskilin framkvæmd og er ekki partur af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar sem er hér til umfjöllunar. Hér er um að ræða vatnsaflsvirkjun með 6 MW uppsett afl sem fellur því utan stærðarviðmiða verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar) sem er uppsett rafafli upp á 10 MW sbr. 3 mgr. 3. gr. laga um um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í frummatsskýrslu er vísað til leiðbeiningarrits Skipulagsstofnunar¹ við lýsingu á vægi áhrifa í töflu 4.2 bls. 38 en í því leiðbeiningarriti eru áhrifin *nokkuð neikvæð* og *nokkuð jákvæð* ekki skilgreind líkt og í frummatsskýrslu. Vægiseinkunnin *nokkuð neikvæð* er oftast gefin fyrir áhrif fyrirhugaðrar virkjunar en skv. leiðbeiningarriti Skipulagsstofnunar fara áhrif úr því að vera *óveruleg* yfir í *talsverð* og svo loks *veruleg*. Að mati Umhverfisstofnunar á að jafnaði að fylgja gefnum vægiseinkunum áhrifa eftir skilgreiningum Skipulagsstofnunar við mat á umhverfisáhrifum. Þó kann að vera hægt að færa rök fyrir því að vægiseinkunnin nokkuð neikvæð áhrif eigi rétt á sér í einhverjum tilfellum en stofnunin telur að skýra þurfi frá því og réttlæta sérstaklega notkun þeirrar vægiseinkunnar í matsskýrslu framkvæmdar. Í þessari

¹ Skipulagsstofnun, 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. bls 19.

umsögn mun Umhverfisstofnun notast við skilgreindar vægiseinkunnir áhrifa skv. leiðbeiningarriti Skipulagssöfnunar.

Niðurlag

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið frummatsskýrslu Þverárvirkjunar í Vopnafirði. Með vísan í það sem að framan segir, telur Umhverfisstofnun áhrif framkvæmdar á umhverfispætti, samkvæmt lýsingu í frummatsskýrslu, vera eftirfarandi í samræmi við vægiseinkunn áhrifa;

Landslag og ásýnd: Að áhrif verði staðbundin en talsvert neikvæð á landslagsásýnd ef framkvæmdir mannvirkja verða líkt og greint er frá í frummatsskýrslu. Því telur stofnunin að í matsskýrslu þyrfti að skoða aðra valkosti og mótvægisáðgerðir í formi útlitshönnunar virkjunar og legu vegar til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum á landslag. Umhverfisstofnun metur því áhrif meiri en fram kemur í frummatsskýrslu þar sem áhrifin eru talin vera óveruleg og nokkuð neikvæð.

Gróðurfar: Að áhrif verði verulega neikvæð þegar tekið er tillit til allra þeirra vistgerða með hátt og mjög hátt verndargildi sem verða fyrir raski og votlendis sem nýtur sérstakrar verndar sem verða fyrir raski. Þá telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að ráðist verði í endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð, sem unnið verði samhliða framkvæmdum og að vökutunaráætlun um þá endurheimt verði gerð og fylgt eftir. Þá er einnig mikilvægt að frágangur og uppgræðsla rasksvæðis sé vandaður og með staðargróðri eftir lagningu þrýstípípu, vegar, veituskurða og jarðstrengs. Umhverfisstofnun metur því áhrif meiri en fram kemur í frummatsskýrslu þar sem talið er að þau verði nokkuð neikvæð.

Bakkagróður: Í matsskýrslu framkvæmdar ætti að fjalla nánar um mótvægisáðgerðir til að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri á rasksvæði. Áhrif á bakkagróður geta orðið talsvert neikvæð en ef vandað er til mótvægisáðgerða er mögulegt að áhrif framkvæmdar á bakkagróður verði óveruleg að mati Umhverfisstöfnunar.

Fuglalíf: Að áhrif verði varanleg og talsvert neikvæð á fuglalíf á svæðinu með raski á kjörlandi, þ.m.t. á mófugla og fálka sem eru ábyrgðartegundir Íslands. Umhverfisstofnun metur því áhrif meiri en fram kemur í frummatsskýrslu þar sem fram kemur að þau verði óveruleg.

Hreindýr: Ekki var sérstaklega fjallað um áhrif á hreindýr í þessari umsögn þar sem Umhverfisstofnun telur áhrif virkjunar óveruleg á hreindýr, einkum tarfa sem halda til í Þverárdal að takmörkuðu leiti og tekur stofnunin því undir gefna vægiseinkun áhrifa á hreindýr líkt og þeim er lýst í frummatsskýrslu.

Vatnalíf og vatnafar: Að áhrif verði óveruleg á vatnalíf, þ.e. hryggleysingja þar sem áin er fremur næringarsnauð og tekur því undir vægiseinkunn sem gefin er í frummatsskýrslu. Áhrif verða þó talsvert á vatnafar 7 km áhrifakafla árinna þar sem rennsli skerðist mikið stóran part ársins. Telur Umhverfisstofnun að skoða þurfi betur uppblástursáhrif í árfarvegum og landbrot í bökkum í matsskýrslu framkvæmdar.

Jarðmyndanir: Að áhrif verði talsvert neikvæð en að vissu marki afturkræf á foss sem nýtur sérstakrar verndar þar sem hann mun stórlega skerðast og líklegast hverfa stóran hluta árs. Áhrif á gljúfrin eru talin óveruleg. Umhverfisstofnun metur því áhrif

meiri en fram kemur í frummatsskýrslu þar sem fram kemur að þau séu talin vera nokkuð neikvæð.

Mikilvægt er að vöktunaráætlun taki mið af uppgræðslu og frágangi rasksvæðis og að slík áætlun fylgi úrgáfu matsskýrslu framkvæmdar. Umhverfisstofnun ítrekar jafnframt ábendingu um leyfisveitingu skv. lögum um stjórn vatnamála vegna manngerðra og mikið breyttra vatnshlota.

Virðingarfyllst

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur

**Athugasemd Baldurs Hallgrímssonar og Jakobs Helga
Hallgrímssonar, landeigenda Hrappsstaða og
Hrappsstaða 2**

Vopnafirði 05/05 2019

Landeigendur Hrappsstaða og Hrappsstaða 2 gera athugasemd við það magn efnis sem áætlað er að taka úr námu C ofan brúar og bendum á að áin getur orðið verulega mikil (30 ára flóð) þá er ekki gott að lækka landið þar mjög mikið en gæti verið til góða að lækka það eitthvað í fullsamráði við vegagerðina.

Við leggjum því til að opnuð verði náma E neðar í ánni ca við fjárhúsin (Jónsstaði) þar yrði tekið efni sem myndi hjálpa til við að halda ánni í skefjum þar og varna landbroti úr bökkum beggja vegna ár. Fyrir nokkrum árum var veittur styrkur til að verja bakkana þar og var heilmikið unnir þar með stórum véllum. Það tók ána ekki mörg hlaup að jafna það út að mestu.

Við viljum áminna að þegar hleypt er undan lóninu sé það gert á tímabilin frá 1 nóv til 1 maí. Ekki gert yfir sumartímann..

Baldur Hallgrímsson

Jakob Helgi Hallgrímsson



